

Reykjavík, 24. september 2019

## **Niðurstaða athugunar á innra eftirlitskerfi og stjórnarháttum Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja**

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi vettvangsathugun hjá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja í mars 2019. Niðurstaða lá fyrir í september 2019.

Markmið athugunar Fjármálaeftirlitsins var að kanna hvort sjóðurinn byggi yfir fullnægjandi innra eftirlitskerfi og þá sérstaklega er lyti að eftirliti með fjárfestingarstarfsemi sjóðsins. Í því sambandi var sérstaklega kannað hvernig daglegu eftirliti væri háttað með fjárfestingum sjóðsins og hvort eftirlitshlutverk stjórnar sem og framkvæmdastjóra væri nægilega virkt.

Til að öðlast yfirsýn yfir innra eftirlitskerfi sjóðsins og stjórnarhætti hans aflaði Fjármálaeftirlitið ýmissa gagna frá sjóðnum, svo sem fundargerða stjórnar og undirnefnda hennar, áhættu- og áhættustýringarstefnu sjóðsins og samninga sem sjóðurinn hefur gert um útvistun á veigamiklum atriðum í starfsemi hans. Þá tók Fjármálaeftirlitið viðtöl við framkvæmdastjóra sjóðsins og tvo stjórnarmenn á starfsstöð sjóðsins og fór á starfsstöðvar tveggja útvistunaraðila sem sinna eignastýringu og mælingum á áhættu í rekstri sjóðsins.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina taldi Fjármálaeftirlitið að ýmsum þáttum í eftirlitskerfi sjóðsins með áhættu væri ábótavant og þá sér í lagi það sem sneri að uppbyggingu eftirlitskerfis og framkvæmd eftirlitsaðgerða. Fjármálaeftirlitið gerði því eftirfarandi athugasemdir:

- Verkferlar og eftirlitsaðgerðir vegna innra eftirlits voru ekki skjalfestir með fullnægjandi hætti, sbr. 8. tl. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þá var eftirlitskerfi sjóðsins með áhættu ekki að fullu í samræmi við ákvæði 7. gr. reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða, sbr. 36. gr. e laga nr. 129/1997.
- Áhættu- og áhættustýringarstefna sjóðsins var ekki að fullu í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 590/2017, sbr. 9. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997.
- Eftirlit stjórnar með störfum þeirra aðila er sinna lögbundnum eftirlitsaðgerðum innan sjóðsins var ekki talið fullnægjandi og því ekki í samræmi við 1. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997.
- Í verklagsreglum sjóðsins vegna hagsmunaárekstra var ekki tekið fyllilega tillit til þeirra hagsmunaárekstra sem kunna að koma upp vegna skorts á aðgreiningu starfa vegna smæðar sjóðsins, sbr. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 590/2017, sbr. 3. mgr. 35. gr. a laga nr. 129/1997.
- Áhættustýring sjóðsins var ekki talin hæfileg að stærð miðað við eðli og umfang lífeyrissjóðsins, sbr. 2. tl. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 590/2017, sbr. 2. mgr. 35. gr. a laga nr. 129/1997, að teknu tilliti til fjárfestinga sjóðsins.